

Fundargerð háskólaráðs
382. fundur fimmtudaginn 27.04.2017
Borgir, R262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 15:06.

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Guðmundur Kr. Óskarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Gestir:

Rektor kynnti dagskrá og bar upp fundargerð síðasta fundar til samþykktar.
Fundargerðin samþykkt.

1. Rekstur

Rektor lagði fram rekstraryfirlit janúar til mars. Reksturinn er er í jafnvægi en ætti í raun að vera undir áætlun.

Rektor vakti athygli á rekstrarumhverfi háskólanna á Íslandi. Flestir skólarnir virðast vera í krísu á meðan HA hefur tekist að halda ákveðnu jafnvægi.

Fráfarandi háskólaráð stigur því frá borði með rekstur skólans í jafnvægi.

2. Mál til kynningar

- Ferð rektors til WKU.
Rektor sagði frá samstarfi HA við WKU í Kentucky og heimsókn rektors þangað í byrjun apríl þar sem hann ræddi möguleika á áframhaldandi samstarfi til framtíðar (Climate change samstarf). Niðurstaða heimsóknarinnar var sú að halda samstarfinu áfram.

Nemendur þeirra vilja halda áfram að koma á sumarnámskeiðið sem hefur verið í boði í HA og mun allavega verða keyrt áfram í sumar á sama formi. Rektor vill gjarnan halda áfram að byggja á þessu samstarfi. Margt í hugmyndafræði WKU sem HA getur lært af til uppbyggingar til framtíðar.

- Karlar og hjúkrun.
Lögð fram til kynningar gögn frá forseta heilbrigðisvísindasviðs um sértæka aðgerð til að fjölga karlmönnum í hjúkrun.
- Nýr fulltrúi HA í stjórn RMF
Rektor hefur skipað Svanfríði Ingu Jónasdóttur sem nýjan fulltrúa HA í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála til næstu tveggja ára í stað Guðrúnar Rósu Þórsteinsdóttur, sem setið hefur í stjórninni frá árinu 2008.
- Stefnumótun
Rektor sagði frá stöðu vinnu við stefnumótun 2018-2023. Þór Clausen vinnur með sviðum og deildum. Verkefnið er að koma fram með aðgerðir til að ná markmiðum um að verða alþjóðlegur, skapandi háskóli í góðum tengslum við nærsamfélagið.
Samþætta þarf stefnuna við stefnu menntamálaráðuneytis og ráðherra þarf að skrifa undir stefnu HA. Því þarf að kynna stefnuna fyrir ráðherra og stefnan þarf að miða að því fjármagni sem úthlutað er til rekstursins og nú er ljóst samkvæmt fjármálaáætlun stjórnvalda.
Rektor sagði frá vinnufundum framkvæmdastjórnar til að vinna áfram að stefnumótun, sem framundan er 11. – 12. maí n.k.

3. Aðild HA að China-Nordic Arctic Research Center

Rektor kynnti málið. Akureyrarbæ hefur verið boðið að gerast vinabær Lingang í Shanghai í Kína og að taka þátt í árlegri ráðstefnu CNARC. Rektor var boðið að senda fulltrúa með sendinefnd Akureyrarbæjar. Rektor ákvað að nýta tækifærið og taka þátt í þessari ferð og að sækja um aðild að CNARC. Um er að ræða rannsóknarsamstarf Kína og Norðurlandanna um rannsóknir á málefnum norðurslóða, en enginn annar íslenskur háskóli er aðili að samstarfinu. Rektor vill einnig að HA tengist betur við norðurljósarannsóknamiðstöðina í Reykjadal sem kínverskir aðilar eru að byggja upp á svæðinu og telur hann að þetta sé leið til þess, þar sem norðurslóðarannsóknir í Kína eiga höfuðstöðvar í Shanghai. Rektor verður því fjarverandi 23. til 31. maí vegna Kínaferðar.

Rektor óskar eftir samþykki háskólaráðs til að sækja um aðild að CNARC.

Háskólaráð tekur jákvætt í málið og samþykkir að HA sækir um aðild.

4. **Doktorsnámsúmsókn**

Úttektarnefnd gæðaráðs hefur skilað skýrslu sinni með niðurstöðum til menntamálaráðuneytis og málið er því nú í ferli í ráðuneytinu.

Rektor þakkaði háskólaráði fyrir stuðninginn við vinnslu þessa máls s.l. tvö ár og er bjartsýnn á góða niðurstöðu.

5. **Brautskráning 2017**

Rektor lagði fram til kynningar drög að dagskrá brautskráningarhátíðar þann 10. júní n.k.

Hátíðin verður með svipuðu sniði og s.l. ár í hátíðarsal háskólans.

6. **Ársfundur HA 2017**

Rektor sagði frá því að ársfundur HA verður haldinn aðeins síðar en undanfarin ár, en yfirleitt hefur hann verið í lok maí. Fundurinn í ár verður haldinn um miðjan júní.

Á fundinum verður fjallað um stöðuna í stefnumótun til næstu ára, horfur (faglega), rekstrarniðurstöðu og þá verður starfsfólk sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða hættir eftir langt starf, er kvatt.

7. **Starfsmannamál**

Rektor fór yfir ráðningar s.l. vikna en á síðustu vikum hefur verið gengið frá ráðningu lektors í málvísindum, lektors í íþróttافرæði, Nansen-prófessors og náms- og starfsráðgjafa.

Rektor fór yfir stöðuna í starfsmannamálum almennt. Töluvert er um erfið starfsmannamál og veikindi sem mögulega má rekja til álags í starfi. Það þarf að huga betur að þessum þáttum í starfinu og líðan starfsfólks með aðgerðum sem verða hluti af stefnu háskólans til 2023.

8. **Önnur mál**

- **Umsóknartölur**

Rektor lagði fram til kynningar stöðuna í umsóknum um nám fyrir næsta skólaár. Staða umsókna mjög góð og aukning frá sama tíma og í fyrra.

- **Verkefni fráfarandi háskólaráðs 2015-2017.**

Skipunartími núverandi háskólaráðs rennur út í lok apríl og nýtt háskólaráð tekur við í maí.

Rektor fór yfir verkefni háskólaráðs s.l. tvö ár og mikilvægt hlutverk háskólaráðs í rekstri, starfi og uppbyggingu háskólans. Helstu verkefni sem standa upp úr:

1. Umsókn um doktorsnám

2. Stöðugleiki í fjármögnun og rekstri
3. Breyting á kennaranámi – Íþróttافرæðikjörsvið
4. Breyting á rannsóknasjóði HA í vísindasjóð HA – rannsóknastefna
5. Uppbygging mannauðs – stuðningur við doktorsnám akademískra starfsmanna
6. Vísindaskóli unga fólksins
7. Gagnrýni á byrjendalæsi
8. Tölvunarfræði í samstarfi við HR
9. Endurskoðun stefnumótunar 2018-2022
10. Breyting á skipan framkvæmdastjórnar
11. Breyting á reglum um fyrstu ráðningu í akademískt starf
12. Lögreglunám á háskólastigi
13. Ritver við HA
14. TTO (Technology Transfer Office) á Íslandi – Auðna
15. Vistvæn stæði og rafbílaleiga

Rektor þakkaði háskólaráði kærlega fyrir samstarfið s.l. tvö ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:59.